



Til skipulags- og umhverfisnefndar

Kópavogi, 27. febrúar 2025
One: 25022065 og 25022068

Óskað er heimildar skipulags- og umhverfisráðs til að hefja skipulagsvinnu fyrir vesturhluta Glaðheimasvæðis.

Lagt er til að hafin verði vinna við að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir vesturhluta Glaðheimasvæðis til að hægt verði að koma fyrir starfsemi SORPU, samanber bókun bæjarráðs dags. 12. desember 2024 þar sem „[b]æjarráð lýsir yfir ánægju með tillögu starfshóps um staðarval nýrrar endurvinnslustöðvar í Kópavogi og felur sviðsstjóra umhverfissviðs að vinna málið áfram í samstarfi við Sorpu bs. Erindinu jafnframt vísað til meðferðar í skipulagsráði.“

Einnig er lagt til að skipulag svæðisins verði endurmetið með tilliti til breyttra forsendna, fyrirkomulagi uppbyggingar, endurskoðun á veltengingum að svæðinu og aðkomu að lóðum innan svæðisins.

Samráð verður haft við SORPU í skipulagsvinnunni. Einnig verður haft samráð við Garðabæ þar sem svæðið liggur að sveitarfélagamörkum. Sem og við Vegagerðina sem er veghaldari Arnarnesvegar á aðliggjandi svæði.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

